

## ÁREKSTUR

## Keyrt gegn rauðu ljósi

Harður árekstur varð við umferðarljósin á mótum Lækjargötu og Kalkofnsvegur í fyrrinótt. Ökumenn beggja bifreiðanna slösudust, en ekki alvarlega. Þá eru báðar bifreiðarnar talsvert skemmdar. Lögreglan segir annan bílanna hafa farið yfir á rauðu ljósi.

## DÝRALYF

## Miklar hækkanir frá áramótum

Heildsölulverð á algengustu dýralyfjum hefur hækkað töluvert frá áramótum, eða að meðaltali um 18 prósent. Dæmi eru um að einstaka lyf hafi hækkað um allt að 47 prósent. Á sama tíma hefur gengisvísitala krónunnar hækkað um 10,3 prósent og vísitala neyslulverðs um 8,5 prósent.

## NEYÐARÞJÓNUSTA

## Gagnkvæm aðstoð við bráðatilvik

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Brunavarnir Árnessýslu, Slökkvilið Hveragerðis og Heilbrigðisstofnun Suðurlands hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæma aðstoð þar sem þjónustuvæði þeirra liggja saman. Samkomulagið nær meðal annars til virkjana Orkuveitunnar á Nesjavöllum og Hellisheiði.



## Rússland og Bandaríkin:

## Geta ekki leyst ágreininginn

Utanríkisráðherrum Bandaríkjanna og Rússlands tókst ekki að leysa ágreining þjóðanna í viðræðum sín á milli. Þeim tókst þó að skilgreina hver hann er og ákváðu að reyna að draga sem mest úr opinberum deilum þjóðanna. Ríkin hafa að undanfögnu verið harðorð hvort í annars garð. Rússar hafa gagnrýnt frekari uppbyggingu á eldflogavarnarkefi Bandaríkjanna í Evrópu, afstöðu þeirra til sjálfstæðis Kosovo og utanríkisstefnu þeirra almennt sem þeir segja hafa gert heiminn hættulegri. Á móti hafa Bandaríkin gagnrýnt ríkisstjórn Rússlands fyrir ólýðræðislega tilburði.



## Palestína:

## Vopnahlé rofið enn á ný

Vígumenn drápu að minnsta kosti fimm manns í áhlaupi sem þeir gerðu á heimili eins af talsmönnum Fatah á Gaza í gær. Með þessu brutu þeir þriðja vopnahléið á milli stríðandi fylkinga Palestínumanna á jafn mörgum dögum. Áhlaupið var gert aðeins nokkrum klukkustundum eftir að fulltrúar Hamas og Fatah komu sér saman um vopnahlé. Á fjórða tug manna hafa látist í skærum á milli stuðningsmanna fylkinganna síðan átök brutust út á sunnudag.

# Hægt að nálgast þýddar leiðbeiningar um sprengjuserð: Viðvaningar bjóða hættunni heim

■ Íslenskar leiðbeiningar á íslensku vefsvæði ■ Mjög hættulegt segir prófessor í efnafræði ■ Fimmtán ára aldurstakmark ótryggt

Eftir Þórð Snæ Júlíusson

thordur@bladid.net

Hægt er að nálgast fjölmargar þýddar uppskriftir að sprengjuserð hjá íslenska vefsamfélaginu Istorrent.

Sprengjurnar sem um er fjallað eru af ýmsum toga en til að gera þær er nauðsynlegt að blanda saman ýmiss konar varningi eins og bensíni, efnavörum og áburði. Með uppskriftunum fylgja síðan upplýsingar um það hvar sé auðveldast að nálgast þau efni sem þurfi í sprengjuserðina.


Skráin sem um ræðir var sett inn á svæðið síðastliðinn mánudag. Hún hafði verið sótt 358 sinnum síðdegis í gær, en allir notendur Istorrent eru staðsettir á Íslandi.

Ágúst Kvaran, prófessor í efnafræði við Háskóla Íslands, segir það skera sig úr við lestur uppskriftanna hversu illa leiðbeiningarnar séu framsettar. „Þetta er skrifað af einhverjum sem kann litla eða enga efnafræði. En það er náttúrulega hægt að nálgast sum þessara efna hérlandis. Önnur gæti ég ímyndað mér að væri erfiðara að komast yfir. Auðvitað er stórhættulegt að blanda mörgum þessara efna saman. Það getur líka verið hættulegt að setja þetta fram svona illa því þýðingin á leiðbeiningunum er mjög léleg. Viðvaningar gætu reynt að fíkra sig áfram í þessu en það býður hættunni heim.“

Ágúst segir eitthvað af sprengjunum virka. „Sumt af efnum, líkt og saltþépúr og sykur, er mjög auðvelt að nálgast. Þau efni er hægt að nota til dæmis í reyskspengjur. Þær



Heimatilbúnaðar sprengjur  
Hægt vandi að útvega efni í sprengjur.  
NordPhotos/Getty



Skjalið er alls sextán blaðsíður í skjalinu er meðal annars hægt að nálgast upplýsingar um gerð napalmsprengju. Í leiðbeiningum fyrir gerð slíkrar sprengju segir: „Napalm er þykkt eins og sulta og það er best að nota það á farartæki og byggingar.“

eru kannski í sjálfu sér ekkert hættulegar en ef þú setur þær inn í lokað rými þá geta þær orðið það, vegna glerbrota og annars slíks. Þannig að auðvitað er þetta hættulegt, það er engin spurning um það.“

Istorrent er sem fyrr segir íslenskt vefsamfélag sem var stofnað fyrir tveimur árum. Markmið þess er að gera notendum kleift að dreifa

allskyns skrá sín á milli. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Istorrent eru virkir notendur rúmlega 17 þúsund, eða um 5,6 prósent allra Íslendinga.

Svavar Lúthersson, einn stjórnendur Istorrent, segir ekki sjálfgefið að upplýsingar sem þessar séu fjarlægðar af vefnum. „Það fer eftir því hvort það er ólöglegt að dreifa svona efni. Ef það er lögbrot að deila efnum sjálfu þá verður það fjarlægð. Það á til dæmis við um barnaklám, dýraklám og alvöru morð. Þannig efni er fjarlægð samtundis enda ekki einn einstaklingur á að það er ólöglegt.“

Svavar segir aldurstakmark notenda vera 15 ár en að líkur séu á því að yngri aðilar nýti sér svæðið án þeirra leyfis. „Ef við höfum sannanir fyrir því að einhver yngri en fimmtán ára sé þarna inni þá bönnum við hann ásamt þeim sem bauð honum.“

## Bifröst:

## Bætt nám í Evrópufræðum

Háskólinn á Bifröst mun í sumar byrja að bjóða upp á nýtt og endurbætt nám til meistaraþráðu í Evrópufræðum.

Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent og forstöðumaður Evrópufræðaseturs háskólans, segir námsleiðina ennþá bjóða upp á hefðbundin Evrópufræði líkt og áður en nú sé einnig stóruaukin áhersla lögð á Austur-Evrópu.

„Hugmyndin á bak við það er sú að uppgangur samfélaga þar er mikill. Það skortir verulega á þekkingu okkar Íslendinga á þessum samfélögum til þess að geta nýtt okkur þau miklu tækifæri sem þar er að finna, til dæmis í viðskiptum.“ Kynning á náminu verður haldin á Hótel Reykjavík Centrum við Aðalstræti milli klukkan hálfeitt og þrjú síðdegis á föstudag.



## Ríkislögreglustjóri:

## Ekki brotlegur í Baugsmálinu

Ríkissaksóknari, Bogi Nilsson, telur ekkert tilefni til opinberrar rannsóknar á embættisathöfnum Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra.

Lögmaður Jóhannesar Jónssonar í Bónus óskaði eftir því í bréfi til ríkislögreglustjóra að hann rannsakaði hvort Haraldur og Jón H.B. Snorrason saksóknari hefðu gerst brotlegir við lög vegna ákæru á hendur Jóhannesi og fleirum í Baugsmálinu.

„Embætti ríkislögreglustjóra mun ekki tjá sig frekar um málið á meðan það er til stjórnissýslumeðferðar hjá ríkissaksóknara,“ segir í yfirlýsingu ríkislögreglustjóra.

Huundai Accent eða sambærilegur

Vika á Florida  
frá 17.200

kr. - ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, þjófavörn, flugvallargjald, einn tankur af bensíni, einn auka bílstjóri og skattar.

Bókaðu bílinn heima  
- og fáðu 500 Vildarpunkta

**Hertz**

522 44 00 • www.hertz.is

Stýrivextir óbreyttir út árið:

## Verðbólga enn allt of mikil

Seðlabanki Íslands ákvað í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum í 14,25 prósentum. Ekki er búist við að vextirnir lækki fyrr en í lok árs, en þeir hafa verið óbreyttir síðan í desember. Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í máli sínu í gær að verðbólga hafi hjaðnað hægar en spá bankans í mars hafði gert ráð fyrir og að undirliggjandi verðbólga sé enn langt yfir verðbólguþröngun bankans. Versni verðbólguhorfur frá fyrri spá mun Seðlabankinn bregðast við.

Davíð gerði gengi krónunnar að umtalsefni. Sagði hann að hagstæð skilyrði á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, háir innlendir vextir og bjartsýni í efnahagslífinu hefði stuðlað að háu gengi krónunnar. Mikill viðskiptahalli og tiltölulega hátt raungengi fela í sér verulega



hættu á lækkun gengisins, til dæmis ef alþjóðleg fjármálaskilyrði verða óhagstæðari. Verðbólguhorfur gætu þá versnað.

Davíð segir erfitt að meta áhrif alþingiskosninganna á verðbólguhorfur. Meginatriðið sé að Seðlabankinn haldi sínu striki óháð því hvaða ríkisstjórn situr. „Ég vonast auðvitað til að þær ákvarðanir sem stjórnvöld

landsins taka á hverjum tíma flútti vel við þá stefnu sem Seðlabankinn er gert að fylgja.“

Davíð sagði jafnframt að bankinn geri þær væntingar til nýrrar ríkisstjórnar að stöðugleikanum verði ekki ógnað. Sé hann ekki fyrir hendi, verði hagvöxtur ekki vel grundaður og þar með ekki tækifæri til að láta gott af sér að leiða í efnahagslífinu.